

038/01 - Guðbjartur SH 45

Guðbjartur SH-45, strandar við Brimnes vestan Hellissands

Guðbjartur SH 45

Skipaskr.nr.: 7474

Smíðaður: Hafnarfirði 1998 Plast

Stærð: 7,73 brl; 5,94 bt

Lengd: 9,16 m **Breidd:** 2,80 m **Dýpt:** 1,78 m

Vél: Perkins 156,00 kW **Ágerð:** 1998

Annað:

Földi skipverja: 2



Atvikalýsing

Hinn 23. apríl 2001 fór m.b. Guðbjartur SH-45 frá Rifshöfn áleiðis til veiða með línu. Veður: sunnan 2 vindstig, sléttur sjór.

Siglt var vestur fyrir Öndverðanes og suður á Dritvík. Þar var línan lögð grunnt undan landi og eftir að línan hafði verið lögð var bátnum lagt fyrir stjóra og skipverjar hvíldust. Tekið var til við að draga línuna um kl. 07:00 hinn 24. og því lokið kl. 14:38. Þá var stefnan sett norður með landinu áleiðis fyrir Öndverðanes.

Þegar komið var fyrir Öndverðanes sást til handfærabáta norður og vestur af Brimnesinu. Hugðist skipstjóri sigla fyrir innan handfærabátana, þ.e. landmegin við þá og setti stefnuna inn undir Gufuskála. Er komið var að Brimnesinu var siglt grunnt með landinu, eða í um 100 metra fjarlægð að mati skipstjóra. Var þetta ívið grynnra en skipstjóri var vanur að vera en dýptarmælir sýndi 6-8 faðma dýpi í þau skipti er skipstjóri fylgdist með honum og taldi sig vera á fríum sjó. Var báturinn út af Brimnesoddanum um kl. 16:00 þegar skyndilega kom mikið högg á hann að framan án þess að hann stöðvaðist. Skipstjóri rauf strax tengsl milli skrúfu og vélar og hugaði að orsök. Ekki sást neitt rekald á sjónum en við athugun sást að mikill sjór streymdi inn í bátinn.

Skipstjóri sagði hásetanum að sjósetja gummibát en sjálfur kallaði hann út á rás 11 VHF og tilkynnti um aðstæður. Var vél bátsins stöðvuð og þeir fóru í gummibátinn og skutu síðan upp neyðarflugeld.

Fljótlega kom á vettvang m.b. Kristín SH-377 og voru skipbrotsmenn teknir um borð ásamt björgunarbát. Þeir komu síðan taug í stefni m.b. Guðbjarts SH-45 og hófu að draga hann áleiðis til hafnar en þá var báturinn með stefnið á kafi í sjó. Rásaði hann talsvert í drættinum en þeim miðaði sæmilega.

Bátarnir voru komnir á móts við Keflavíkurbjarg þegar björgunarbáturinn Björg kom á vettvang. Þegar átti að skipta um og láta björgunarbátinn taka við að draga valt m.b. Guðbjartur SH-45 á hvolf. Var þá dráttartaug fest í grind á skut bátsins og hann dreginn þannig inn til hafnar á Rifi þar sem hann var hífður á land. Umtalsverðar skemmdir urðu á bátnum.

Við rannsókn kom fram

- að í bátnum var um 3000 kg. aflí auk 19 bala af línu;
- að sögn heimamanna er naggur (klettur) skammt frá landi við Brimnesið sem aldrei kemur úr sjó. Skipstjóri m.b. Guðbjarts SH-45 sagðist ekki hafa vitað af þessum nágga.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök strandsins hafi verið óaðgæsla við siglingu skips of nærrí landi.